



Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Sjómannaskólareitur - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 4. júlí 2019 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 3. júlí 2019, sbr. samþykkt ráðsins frá 3. júlí 2019 á auglýsingu á tillögu að deiliskipulagi fyrir Sjómannaskólareit 1.254.2, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Það er forkastanlegt og í anda lélegrar stjórnsýslu að taka mál með flýtimeðferð í gegnum borgarráð þegar borgarstjórn er í sumarleyfi. Hér er um að ræða breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 – 2030. Þetta mál er mjög umdeilt hjá íbúum í kringum Sjómannaskólareit eins og segir í umsögn þeirra: „Íbúafélagið Vinir Saltfiskmóans skorar á borgaryfirvöld að falla frá fyrirhuguðum byggingaráformum á Sjómannaskólareit.“ Þessi áform eru keyrð í gegnum borgarráð til samþykktar en borgin er á engan hátt undirbúin innviðalega séð undir þessa uppbyggingu eins og t.d. hvað varðar skóla, bílastæði, veitukerfi og fl. Um gríðarlegt byggingamagn er að ræða og íbúar hafa miklar áhyggjur af skuggavarpí. Meirihlutinn kys ófrið þegar friður er í boði.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins vill taka undir með Vinum Saltfiskmóans að gengið er um of á gróðurþekju Háteigshverfis sem er nú þegar of lítil samkvæmt úttekt borgarinnar sjálfar. Gríðarlegt byggingarmagn með tilheyrandi skuggavarpí mun ekki aðeins rýra verðgildi þeirra eigna sem fyrir eru heldur einnig rýra gildi stakkstæðisins í Saltfiskmóanum og Vatnshólsins sem útivistarsvæðis. Ástæða er til að hafa áhyggjur af umferðaröryggi. Vandí Háteigsskóla vegna þéttingar í Háteigshverfi er enn óleystur. Fyrirliggjandi byggingaráform fela í sér skipulagsslys sem varað er eindregið við. Í þessu málefni Sjómannareitsins hafa komið óvenju mikið af athugasemdum frá fólki á öllum aldri og þar með börnum sem er annt um umhverfi sitt. Á ekki að hlusta neitt á allt þetta fólk? Flokkur fólksins vill hvetja meirihlutann til að staldra við og ana ekki að neinu sem ekki verður aftur tekið. Hér er auðvelt að gera alvarleg mistök svo stórslys verði. Meirihlutinn í borgarstjórn verður að fara rækilega ofan í saumana á umsögnum og athugasemdum og kynna sér vandlega þau málefni er varða sjálfsprottu grænu svæðin á Sjómannaskólareitnum í Reykjavík. Þegar slíkur mótbyr er, er varla þess virði að keyra áfram af offorsi og öfgum. Flokkur fólksins vill vekja

athygli á óskum nemenda í Háteigsskóla og draga fram þeirra framtíðarsýn á svæðinu.



Helga Björk Laxdal
e.u.